

## Landsyfirréttardómar 1899.

---

Mánudaginn 9. janúarmánaðar.

Nr. 51/1898:

W. Ó. Breiðfjörð

gegn

Mattíasi Mattíassyni.

### D ó m u r :

Með því undirréttardómsgjörðirnar í máli þessu bera með sér, að tölublað það af »Reykvíkingi«, er hin átöldu ummæli í þessu máli eru í, hefir verið lagt fram í undirrétti, en það hvorki er ritað í dómsgjörðirnar né sérstaklega lagt fram í yfirdóminum, ber, með því áfrýjandinn þannig eigi hefir gætt fyrirmælanna í N. l. 1—6—10 og 18 sbr. 1—5—13, ex officio að vísa máli þessu frá yfirdóminum. Samkvæmt N. l. 1—6—18 verður áfrýjandi að greiða stefnda, sem mætt hefir í málinu og krafist málskostnaðar, hæfilega upphæð sem kost og tæring, og ákveðst hún 10 kr.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýj-

andi W. Ó. Breiðfjörð greiði stefnda Mattíasi Mattíassyni sem »kost og tæring« 10 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 13. febrúarmánaðar.

Nr. 37/1898: Þorsteinn prestur Benediktsson  
 gegn  
 Umboðsmanni Bjarnanessumboðs fyrir hönd landssjóðs.

D ó m u r :

Í máli þessu lögsótti í héraði umboðsmaður Bjarnanessumboðs, Jón prófastur Jónsson, fyrir hönd landssjóðs, prestinn í Bjarnanesi Þorstein Benediktsson til greiðslu á andvirði hvalkálfs, er rak á svo nefndri Bjarnanessfjöru síðast á árinu 1894, og var málið dæmt í aukarétti Skaftafells-sýslu 12. apríl f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjinn skyldi greiða stefnda fyrir hönd landssjóðs andvirði hvalsins 113 kr. 79 a. með 5% á ári frá sáttakærudegi 29. maí 1896 til borgunardags, en málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. ágúst f. á., og hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að hann verði dæmdur sýkn af öllum kærnum og kröfum stefnda og stefndi skyldaður til að greiða sér málskostnað fyrir báðum dómum. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að aukaréttardóm-